

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um greiðslur stjórnvaldssekta.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

Hafa stjórnvaldssektir sem eru tilgreindar í svari ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra við fyrirspurn á þskj. 1266 fengist greiddar? Ef ekki að öllu leyti, hvers vegna ekki? Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að tryggja innheimtu þeirra?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrirspurnin tengist fyrri fyrirspurn á þskj. 921, 559. máli, en ráðherra taldi sér ekki fært að svara því hvort umræddar stjórnvaldssektir hefðu verið greiddar með vísan í 9. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012. Í úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál, nr. 880/2020, kemur fram að nefndin telur að upplýsingar um hvort sektir sem lagðar voru á svokölluð smálána-fyrirtæki hafi fengist innheimtar teljist almennt séð ekki þess eðlis að þær njóti verndar 9. gr. upplýsingalaga. Í því ljósi er þessi hluti fyrirspurnarinnar lagður fram að nýju.